

Mál nr. 119/2005

**M
og**

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar einstaklings.

Ágreingur um bótaskyldu vegna rúðubrots í fólksbifreið þann 3.5.2005.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 1.7.2005.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna .
3. Tjónstilkynning ásamt reikningi.
4. Bréf X dags. 24.6.2005 og 8.7.2005 ásamt ljósriti úr skilmálum.

Málsatvik.

Að kvöldi tjónsdags hafði umráðamaður bifreiðarinnar A lagt henni í merkt bifreiðastæði á bak við líkamsræktarstöððina Þrekhúsið við Frostaskjól í Reykjavík við hliðina á KR-vellinum, en þar var hann ásamt öðrum að æfa knattspyrnu. Nokkuð há girðing er á milli knattspyrnuvallarins (gervigrasvallar) og bifreiðastæðisins. Skömmu síðar vildi það til að einn þeirra, sem þarna var við knattspyrnuíðkun, spyrnti knettinum yfir girðinguna svo hann lenti á aftari hliðarrúðu í A og braut hana.

Sá er spyrnti knettinum nýtur vátryggingarverndar úr ábyrgðartryggingu einstaklings hjá X. M er eigandi A og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni. Félagið hefur neitað bótaskyldu.

Álit.

Við því má ætíð búast í námunda við knattspyrnuvelli að knetti sé sparkað út fyrir völlinn þótt slíkt hafi ekki staðið til. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki annað séð en það hafi gerst fyrir hreina óhappatilviljun að knettinum var í umrætt sinn sparkað út fyrir völlinn þannig að hann lenti á A. Er því ekki unnt að líta svo á að það hafi verið af völdum saknæmrar háttsemi þess er spyrnti knettinum hversu illa fór. Samkvæmt reglum skaðabótaréttar er því ekki fullnægt skilyrðum til að bótaábyrgð verði lögð á hann og að fenginni þeirri niðurstöðu eru heldur ekki skilyrði til að tjónið fáið bætt úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist ekki.

Reykjavík, 9. ágúst 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.